



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Svalbarðseyri 28.11.2020

**Umsögn sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps vegna tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, 39.mál.**


Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps bendir á að stjórnvöld hafi þegar markað þá opinberu stefnu í heilbrigðismálum að hér á landi verði aðeins byggt upp og rekið eitt hátækisjúkrahús og það við Hringbraut í Reykjavík. Gott og öruggt aðgengi að höfuðborginni og þeirri þjónustu sem þar er, hvort sem um ræðir stjórnsýslu eða heilbrigðiskerfi, skiptir alla landsmenn máli. Því er eðlilegt að landsmenn fái allir að hafa skoðun á framtíð Reykjavíkurflugvallar.

Reykjavíkurflugvöllur gegnir lykilhlutverki í sjúkra- og neyðarflugi sem helsta tenging landsbyggðarinnar utan Suðvesturhornsins, við Landspítalann við Hringbraut. Staðsetning flugvallar gegnir því lykilhlutverki í að sú uppbygging sem stjórnvöld hafa markað nái fram að ganga. Staðsetning flugvallar tengist þannig brýnum öryggishagsmunum almennings og stjórnvalda að tryggja aðgang og aðgengi almennings að þjónustunni.

Greiðar samgöngur að hátækisjúkrahúsi snúa að almannahagsmunum og mikilvægt að framtíð flugvallarins í Vatnsmýri sé tryggð og almenningi ekki boðið uppá þá óvissu sem er í dag um framtíðar staðsetningu flugvallar sem tengir íbúa landsbyggðarinnar við eina mikilvægustu starfsstöð heilbrigðiskerfisins.

Ráðamenn Reykjavíkur eru jafnframt hvattir til að tryggja það að borgin gegni sínu mikilvæga höfuðborgarhlutverki með reisn og virðingu. Ekki gengur að þrengja frekar að starfsemi flugvallarins fyrr en annar jafngóður eða betri kostur getur tekið við af honum. Fyrir íbúa þessa lands sem búa utan höfuðborgarsvæðisins getur nálægð flugvallar við háskólasjúkrahúsið skilið milli lífs og dauða.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps

  
Björt Erlingsdóttir  
Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps

